



UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR

BORGARBRAUT 61 - 310 BORGARNES - Sími 437 1411 - UMSB@UMSB.IS

Áskorun til Borgarbyggðar frá stjórn UMSB

Kárastaðaland hefur verið notað sem tjaldstæði á Unglingalandsmótum UMFÍ þegar þau hafa verið haldin á sambandssvæði UMSB. Mikilvægt er að svæðið verði tilbúið og klárt þegar mótið verður haldið í Borgarnesi 2022. Stjórn UMSB beinir því til Borgarbyggðar að byrja í sumar að vinna að svæðinu ræsa fram skurði og fegra umhverfið og halda því svo áfram sumarið 2021. Of seint var farið í framkvæmdir á svæðinu þegar mótið var haldið 2016. Mikilvægt er að nýta tímann fram að móti til að gera svæðið sem best fyrir gesti mótsins.

f.h. Ungmennasambands Borgarfjarðar

Sigurður Guðmundsson

Framkvæmdastjóri